

Fundargerð 168. Fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 20. október 2022, kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson formaður, Sigurður Gunnar Benediktsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Símon Guðvarður Jónsson, Valbjörn Jón Höskuldsson, og Einar Óskar Friðfinnsson. Helgi Már Sigurgeirsson, Pétur Freyr Jónsson og Sigurður Jóhann Erlingsson í fjarfundi.

Fjarverandi: J. Snæfríður Einarsdóttir, Einar Sveinn Kristjánsson, Tinna Magnúsdóttir og Agnar Ólason.

Gestir: Þorsteinn Hilmarsson, starfsmaður 2F.

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 167

- Fundargerð nr. 167 samþykkt og undirrituð.

2. Skýrsla formanns, staða kjaramála og staðan hjá ASÍ

- Formaður segir frá stöðunni innan ASÍ. Miðstjórn fundaði tvisvar og formenn landssambanda og stærstu félaga tvisvar, góður andi á þeim fundum.
- ASÍ þingið. Formaður segir frá uppákomunni hjá félögunum fjórum á þriðjudeginum þar sem Efling, VR, verkalýðsfélag Akraness og verkalýðsfélag Grindavíkur ákváðu að ganga út af þinginu. Ákveðið var að fresta þingi vegna þess. Ákveða þarf nýja tímasetningu fyrir ASÍ þing fyrir lok apríl á næsta ári en það getur verið að það verði ekki haldið fyrr en næsta haust. Formaður telur að VM fulltrúar hafi verið vel undirbúin fyrir þingið þar sem þeir hittust í aðdraganda þingsins og fóru yfir helstu málefni. Eftir þingið fóru menn að tala saman aftur og stór hluti SGS, VR og iðnaðarmenn eru allir á svipuðum stað hvað varðar kjaramál. Vilji til að gera stuttan samning vegna stöðu heimsmála. Hagvöxtur hefur hins vegar verið gríðarlegur hér á landi á síðasta ári. Almennar umræður meðal stjórnarmanna um kröfugerðir og svigrúm til launahækkana, stórhátíðarálag, aukið orlof, vinnutíma ofl.
- Samningaviðræður eru hafnar um almenna kjarasamninginn við SA. SA var að bíða eftir öllum félögum og Efling var síðust. Næsti fundur hefur verið boðaður á morgun og vonandi verður farið yfir kostnaðaráætlun á þeim fundi. SA segir að það sé ekkert svigrúm til að semja um hækkanir. Viðræður hafa farið hægt af stað. VR er komin lengst. Iðnaðarmannafélögin hafa fundað um bókanir í kjarasamningum sína á milli og með SA. Ljóst er að eitthvað af eldri bókunum verða teknar út úr samningnum. Formaður segir að þörf sé á að kalla saman samninganefndina í næstu viku.
- Félögin innan ASÍ eru líka að byrja að tala um aðkomu ríkisins að kjarasamningum og helstu áherslur eru til að mynda:
 - Févíti, sektir fyrir að borga ekki rétt laun.
 - Kennitölufلاك
 - Séreignarsparnaður inn á lán
 - Endurupptaka á vísitölu (rekstur húsnæðis ekki hækkunir á verði)



- Sjúkrasjóðsgreiðslur verði skattfrjálssar.
 - Ein krafa frá LEF/FEB.
 - Leigubremsa á húsaleigu
 - Frumvarp um félagafrelsi verði tekið af dagskrá.
 - Afnám á drögum að reglugerð um niðurfellingu löggildinga iðngreina.
 - Húsnæðisstuðningur, vaxtabætur, barnabætur.
 - Fæðingarorlof -100% á lægri tekjur -hámarksgræiðslur í takt við launaþróun.
- Staðan í kjaramálum: Fundað var með vélstjórum á fragtinni, Samskipum 29. sep sl. og með Eimskip 6. okt. sl. Haldin var kynning um þróun launa á markaði í samanburði við aðra, eins og við höfum gert með öðrum. Búið er að senda viðhorfskönnun á þennan hóp eins og var gert á almenna markaðnum og í orkugeiranum. Það verður fundur með trúnaðarmönnum í orkugeiranum í næstu viku þar sem kynntar verða niðurstöður þeirra könnunar.
 - Staðan hjá sjómönnum er sú að þeir vilja ekki fara í verkföll nema öll sjómannafélögin standi saman að baki þeim. Þeir eru jafnvel til í skærur ef allir eru með. Skoðanakönnun verður send út varðandi hvers konar skærur á að boða til. Krafa sjómanna snýr að lífeyrismálum en aftur á móti er krafa mótaðila að lækka skiptaprósenta á fiskiskipum til að lækka launahlutfallið. Það er of langt á milli aðila til að ríkisáttasemjari geti komið með miðlunartillögu. Samningar búnir að vera lausir í 3 ár. Almennar umræður um kröfugerð sjómannafélaganna.
 - Formaður segir frá breyttri stærðarkúrfu í óslægðum þorski sem gefnar eru út af verðlagsstofu. Kúrfan náði bara upp í 8,5 kg en eftir að saltfiskvinnsla dróst saman í hruninu, þá var kúrfunni breytt í 6,5 kg í óslægðum þorski. Nú var stærðarkúrfunni í óslægðum þorski aftur breytt í 8,5 kg. Þetta hefur verið baráttumál fyrir þá sem eru á línubátum. Ætlum að senda út könnun um möguleg verkföll eftir 25. okt. með SVG og SÍ. SSÍ hélt formannafund í byrjun mánaðarins og þeir virðast til í skærur ef allir eru með. Almennar umræður um kjaramál sjómanna.
 - Iðnaðarmannhluti Iðunnar fundaði til að undirbúa sig fyrir aðalfund. Starfsmaður tekur sæti í stjórn Iðunnar í stað formanns VM. Hann mun einnig fara með atkvæði VM á aðalfundinum og sitja áfram í Fagráði. Hvað fagrád varðar þá eigum við tvo fulltrúa. Vigni verður skipt út fyrir annan stjórnarmann.
 - Vinnustofa var haldin nýverið í Grósku á vegum háskóla, iðnaðar og nýsköpunarráðherra þar sem markmiðið var að horfa til framtíðar varðandi menntun ofl. Formenn VM og Byggiðnar mættu fyrir hönd Fagfélaganna og tóku þátt í umræðum. Meðal annars var rætt um fyrirhugað afnám löggildingar sumra iðngreina og fyrirkomulag í menntamálum.
 - Fundur NMF. Formaður segir frá því að hann sé að fara á fund NMF sem haldinn verður í Stokkhólmi dagana 24.-25. okt. Aðalræðuefnið þar verða orkumál og orkugjafir til sjós.

3. Staðan hjá Húsi Fagfélaganna

- Formaður kynnir Þorstein Hilmarsson inn á fundinn sem sér um bókhaldið fyrir 2F. Rekstraráætlun 2022 og kostnaðarskipting fyrir jan-jún 2022 2F lögð fram á fundinum.

4. Lagt fram til upplýsingar



- Sex mánaða uppgjör Fagfélaganna.

5. Önnur mál

- Orlofsmál: Flutningar á húsum á Laugarvatni og Einarstöðum hafa gengið hægt vegna leyfismála sveitarstjórna. Orlofsnefnd óskar eftir að fá að endurnýja dúk í sundlauginni á Laugarvatni. Samþykkt.
- Golfmót: Umræða um golfmót sem haldið var í Mosfellsbæ föstudaginn eftir verslunarmannahelgi.
- Aðalfundur: Rætt um tímasetningu á aðalfundi sem verður í vor.
- Lífeyrismál: Almennar umræður.

Fleira ekki formlega rætt.

Fundi slitið kl. 14:50

Ákveðið að halda næsta stjórnarfund fimmtudaginn 17. nóvember 2022, kl. 11:00